

ALMENNINGS- OG SKÓLASUNDNEFND

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Almennings- og skólasundnefndar

Almennings- og skólasundnefnd skal hafa forgöngu um að kynna sundíþróttir á Íslandi. Sérstaklega ber nefndinni að huga að almenningssundi og kynna sundíþróttir fyrir almenningi auk þess að hafa umsjón með grunnskólamóti í sundíþróttum. Nefndinni ber að leita sér upplýsinga og aðstoðar úr öðrum íþróttagreinum og erlendis frá til dæmis norrænu sundsamböndunum. Keppnissund er fóstorað í landsliðsnefnd, en sundíþróttanefndin vinnur í samstarfi við aðrar nefndir til að útbreiða sundíþróttir á Íslandi.

Verkefni **Almennings- og skólasundnefndar** eru:

- að kynna sundíþróttir fyrir almenningi
- að stuðla að aukinni þátttöku almennings í sundíþróttum sér til heilsubótar og skemmtunar
- að sjá um „Sunddaginn mikla“ í samvinnu við Fræðslu- og kynningarnefnd SSÍ
- að kynna sundíþróttir fyrir sundkennurum
- að koma á virku samstarfi milli sundkennara og SSÍ
- að vekja áhuga sundkennara á því að halda keppni í sundíþróttum milli skóla
- að sjá um, fjármagna og halda skólamót í sundi og sundknattleik

Nefndin hittist nefndin eftir þörfum (ekki sjaldnar en einu sinni á ári) og sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.